

LISTIR

Carnegie-verðlaunin 2002

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur
– Hafnarhúsi

MÁLVERK
CARNEGIE-VERÐLAUNIN

Opið alla daga frá 11–18. Til 10.
nóvember. Aðgangur ókeypis.

Þá kom að því að Carnegie-verðlaunin skyldu afhent á Íslandi, sýningin sjálf um leið á upphafsreit í Reykjavík, nánar tiltekið í húsaálfunum Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Skeði með pomp og prakt að viðstöddum forsætisráðherra og öðru fyrirfólki, flestum verðlaunahöfum, nokkrum tilnefndum þátttakendum, formönnum dómnefndar, fleiri nefndarmeðlimum og listsögufræðingum. Að viðbættum fjölda boðsgesta og föstu starfslíði er fylgir framkvæmdinni jafnaðarlega um öll Norðurlönd. Hin mikla viðhöfn kom sumum spánskt fyrir sjónir hér á útskerinu, því tilefni að vísa til og minna á að umfjöllunin um þessi merku verðlaun var jafnvel minni en reglubundin mánuðagsumfjöllun um íþróttir í Dagblaðinu og sjónvarpsrásunum, einnig varla meiri en þriðjudagsumfjöllun í þessu blaði, þetta fimmtíu og tvisvar á ári, að viðbættum öðrum dögum vikunnar og rofum á almennt dagskrá. Hins vegar getum við einungis vænst endurtekingar afhendingar Carnegie-verðlaunanna hér á landi á fimm ára fresti! Ríkissjónvarpið var með klukkustundarþátt frá athöfninni í beinni útsendingu, en hún fór illu heilli framhjá mér og fleirum, kannski ráð að endurtaka hana á skaplegri tíma heldur en í önnur vikuloka. Sjálfur hefði ég litið lista-verkin á sérstökum kynningarfundum fyrir á föstudeginum, og þótt við á blaðinu þyrftum að yfirgefa hann í miðjum leik vegna annars fundar hafði ég takmarkaðar taugar til opunarinnar, nema þá helst að klappa fyrir Lenu Cronqvist.

Á þessum válegu tímum og áður en lengra er haldið, er rétt að víkja að því í framhjálaupi, að Dag Hammarskjöld, fyrsti aðalritari Sameinuðu þjóðanna, taldi listir mikilvægasta hreyfiaflið ætti heimurinn að lifa af í framtíðinni og er einn af grunnþáttum samtakanna, síður mógæsingar.

Hann var annars dálítið sérkennilegur fundurinn í hádeginu, leit svo út sem útskýrendur verka hvers listamanns fyrir sig væru þá helst á heimavelli er hugmyndafræðin var annars vegar, en hins vegar afgreiddu þeir hreina málverkið á mun skemmir tíma, einkum þau íslenzku. En vel að merkja engan veginn þess vegna sem við yfirgáfum samkomuna þá kom að Troels Worsel, aðalverðlaunahafanum.

Formaður dómnefndar Lars Nittve, forstöðumaður Núlistasafnsins í Stokkhólmi, mun hafa sagt í opunaræðdu, að það væri ágætt og fullgilt að verðlaunin skyldu einangruð við málverkið, en minnti um leið á að fleira væri málverk en skilrí innrömmuð á vegg. Alveg rétt, enda um tugþúsunda ára sannindi að ræða sbr. fyrstu ummerki um sjálfsvitund mannsins, hellaristur mjög fjarlægjar fortíðar, tákn og myndverk á innri sem ytri byrði húsa, hofa og hörgra fornaldar, loftmálverk í miðaldarkirkjum, að ekki sé minnst á allt sem fylgdi í kjölfar endurfæðingarinnar, frá sextínskú kapellu Michaelangelos til loftmynda Govanni Battista Tiepolos, meistarar síðbarokksins, sem sagður er hafa lokað dyrum stóru gömlu meistaranna á eftir sér þegar hann dó í Madrid 1770.

Vissulega ástæða til að heiðra málverkið með veglegum verðlaunum á

tímum er sótt er að því úr mörgum áttum, og auðvitað á ekki að einangra valið við veggmálverk einvörðungu. En satt að segja hefur stefna dómnefndar iðulega þótt orka tvímælis fram til þessa, annað og ríkjandi skoðanamynstur um núlistir þótt ráða meiru um verðlaunaveitingar en grunnatriði málalistarinnar, hvort sem birtingarmyndirnar eru þversum/ á ská eða langsum á vegg/gólfi eða lofti. Einfalt mál að skvettu vatni á einhvern gegnheilan hlut, eins og til að mynda steinvölu og nefna vatnslitamynd, eða klessa olúlit á sama og nefna olíumálverk, en út á það ganga hugtökin síður. Ég get fyllt hrifningu og lotningu á ýmsu sem sett er undir hugtakið myndlist í dag, og viðurkenni það í sumum tilvikum sem mikla list, en álit menn komna langt út fyrir raunhæfan ramma, um leið brýna nauðsyn að marka gjörninga til hliðar með annarri nafngift. Annars vitum við ekki fyrir en leikur og hljóð hafa mikið til yfirtekið listasöfnin og sviðið allt. Þá skal þjóðfélagsmáttæði svo sem um réttindi innflytjenda litáðs fólks og minnihlutahópa, politisk statement, eins og það nefnist, vísað í réttan bás. Fængum þetta yfir okkur miðstýrt og matreitt fyrir nokkrum áratugum, flest komið í glatkistuna, sömu aðilar og sporgöngumenn þeirra að verki. Einnig hollt að líta til þess, að skyldu þessi sérstöku verðlaun helguð hugmyndafræði og minimalisma, væri málverkið vafalítið fullkomlega úti í kuldanum líkt og á áttunda áratug síðustu aldar. Áttundi áratugurinn ásamt strangflatalist þess sjötta svo tvímælalaust mestu og afdrifaríkustu harðlifistímabil í sögu myndlistarinnar, þar sem ekkert annað komst að í augum áhangendanna, lítillsvirit og útskúfað. Báðum lauk eðlilega með uppgjöri sem líkja má við sprengingu.

Hlutirnir breytast hratt og einhver óskýrð undiralda hefur verið á ferðinni síðasta áratug, þannig ýmsir þeir í sviðsljósinu sem minni gaurur var gefinn lengi vel, til að mynda hinn áttæði þýskættaði Englendir Lucien Freud. Þá hefur margur rýrnirinn hnýtt í Dokumenta 10, og hvað þá elleftu snertir nú í sumar hefur undarleg þögn ríkt kringum hana, er líkast sem umræðan svifi í lausu lofti. Á einni yngstu og framsæknustu listakaupstefnu heimsins, Art Forum Berlin, nú í haust, sem nýtur vaxandi virðingar og gengis, vakti drjúga athygli að meira bar á myndverkum á vegg en nokkru sinni! Fyrirsögn Berliner Morgenpost var að hún væri betri en Dokumenta 11, samanburður þó mikið til óraunhæfur. Þá hefur fagurfræðin, sem lengi hefur verið útskúfuð úr núlistum dagsins gengið í endurnýjaða lífdaga og margur nú meðvitaðri varðandi gæði listaverka, að listastefnur og aldur listaverka ráði hér minna um en birtingarmynd þeirra sjálfra. Þannig engin stöðnun í samræðunni nú í upphafi nýrrar aldar þótt hún sé ekki í samræmi við óskhyggju og stefnumörk sem hafa verið áberandi um skeið með niðurrif málverksins og fyrri gilda í öndvegi.

Að þessu vikið hér vegna þess að ekki verður betur séð en nefnd orðræða hafi haft áhrif á dómnefnd Carnegie-verðlaunanna að þessu sinni, því hún gengur af meiri víðsýni til verks en í flestum tilvikum áður. Þannig má telja nær óhugsandi að verk Lenu Cronqvist hefðu þótt fullgild til verðlauna hér áður frekar en til að mynda hið athyglisverða framlag Ninu Sten-Knudsen árið 2000, en báðar má telja í hópi þeirra sem hafa verið nokkuð til hliðar og utangarðs til þessa og vinna að auki á heima- velli. Einnig má álíta framlag málara



Lena Cronqvist við eitt málverka sinna.

Morgunblaðið/Bragi Ásgeirsson

eins og Georgs Guðna hafi verið fullsnemma á ferðinni, þetta þó í þriðja sinn sem hann er tilnefndur af hálfu Íslands. Er í sjálfu sér illskiljanlegt, telst lítillsvirðing og blaut tuska framan í marga framsækna málara í frýsti hér á útnáranum, og mikill áfellisdomur á þá sem að baki standa. Með þessu eru ábyrgir nefnilega að ýja að því við útlenda menn að aðrir og frambærilegir finnst ekki á landi hér, því tilneyddir til að velja hinn ágæta málara trekk í trekk í þeirri frómu von að hann komist að lokum á verðlaunapall, sem hann að sjálf-sögðu má hafa verðskuldað. Framgangang einisdæmi í sögu framkvæmdarinnar þótt sumir hafi verið tilnefndir tvisvar líkt og verðlaunahafarnir Cronqvist og Tal R, og ber að útiloka með öllu nema mjög rík ástæða sé fyrir hendi. Athygli vekur að fækkað hefur verið í sérfræðingavali tilnefninga og kann allt eins að vera til bóta, en ég sakna sem fyrr virkra áhugamanna á samtímalist er skarar málverkið. Eins og hugtakið samtímalist er eða í öllu falli var skilgreint, þ.e. öll framsækin list frá lokum seinni heimstyrjaldarinnar. Fækkunin kemur þó ekki einungis af hinu góða, þar sem þeir eru til sem hafa beðist undan öllum afskiptum af tilnefningum í framtíðinni vegna meintrar hlutdrægni. Að ekki sé tekið minnsta tillit til ábendinga þeirra falli þær ekki í réttan jarðveg, til þurfi að koma skýrari og gagnsærrí reglur. Safnstjórar og svokölluð ráðandi bendiprík um núlistir í fullstöru hlutverki dómnefndar, mikið til sama fólkið og hefur verið með trompspillin í hendi um áratuga skeið, sumir áður virkir í forvali, eða fara úr dómnefnd í forval. Óneitanlega virðist hringurinn vera að þéttast og ákvarðanatök- an að komast í færri hendur.

Það kristallar að sjálf-sögðu rótgróna addáun norræna listsögufræðinga á útlöndinu, að aðalverðlaunahafi ársins var búsettur í Þýskalandi, en nú á Ítalíu og mun í góðum samböndum á meginlandinu. Að sjálf-sögðu skal hann ekki gjalda þess, en framlag hans naumast athyglisverð- ara betra né verra en ýmissa annarra, virða ber þó rökstuðning dómnefndar. Hátturinn að vinna í röngu málverksins engan veginn nýr og sjálft vinnuferlið leiðir hugan bæði að amerískum abstrakt-expressjónisma sjöunda áratugarins og popplistinni. Málverk Lenu Cronqvist sem fékk önnur verðlaun hafa svip af innsæi og upplifðri tjáningu á norræna vísu, spegla mikil sálræn átök, eru þjóðleg og alþjóðleg í senn, bera jafnframt úrskerandi höfundarein- kenni Verk Tal R, handhafa þriðju verðlaunanna, má telja framhald og afsprengi cobramálverksins en í óformlegri og lausari útfærslu hálf- karaðra frásagna í anda seinni tíma. Meðvitið tjáning og formleg mótun þó meiri í þessum þrem málverkum en ég hef séð til hans áður, tel mig þó ekki að fullu dómberan þar sem mig skortir yfirsýn. Menn eiga þó erfið- ara með að koma auga á málverkið í verkom styrkþegans, David Svens- son, sem ber mun meiri svip af inn- setningu, en hefði trúlega skipað honum á verðlaunapall fyrir tveim

árum eða svo. Heill og viðgangur framkvæmdarinnar er hér í aðalhlut- verki, listrynum eðlilega þröngur stakkurinn skorinn um mat á verk- um jafnlitils úrtaks hvers og eins. Hefði mikið gildi að kynna verð- launahafa betur með yfgrípsmeira úrtaki í framtíðinni, einkum þar sem haldið hefur verið fram, að fyrri ferill þeirra eigi oftast en ekki nokkurn hlut að sómanum, jafnvel tengsl við nafn- kennda sýningarsali, og skiljanlega öðrum en innviðum lokuð bók. Þá væri vel þegið að fá uppgefin nöfn sýningarsalanna sem halda verð- launahöfunum og öðrum þátttakend- um fram ef einhverjir eru. Þessu komið á framfæri hér fyrir þá sök, að mörgum hefur lengstum fundist sem framkvæmdin bera meiri svip af að verði sé að heiðra viðteknar fræð- legar skoðanir á eðli núlista, höfuð- strauma, mainstream, frekar en sjálfstætt og framsækið málverk í sjálfu sér. Frumkvæði að þeirri hlið ætti þá að koma úr annarri átt og með réttum formerkjum, síður í nafni í fyrirtækis eins og Carnegie- stofnunarinnar og þeim stefnumörk- um sem lagt var út af. Að öðrum kosti eru menn komnir í hring og til viðurkenndrar salolistar, main- stream, 19. aldar.

Eins og alltaf eru Carnegie-verð- launinum fylgt úr hlaði með veglegri kynningu í forni ríkulega mynd- skreyttar sýningarsskrár/bókar, geisladiski, ásamt almennum og gagnlegum upplýsingum í handhægu formi. Loks skal vísað til myndbands með viðtölum við alla þátttakend- urna og er mikilvæg viðbót til aukins skilnings á vinnuferli og stefnumörk- um hvers og eins.

Bragi Ásgeirsson

Af gam- anmál- um Vest- firðinga

BÆKUR að vestan er sam- heiti yfir bækur sem gefnar verða út hjá Vestfirsku forlag- inu á Hrafnseyri í haust og er lögð áhersla á að blanda sam- an blíðu og stríðu, gamni og alvöru. En forlagið sérhæfir sig í útgáfu á vestfirsku efni. Eftirtaldir bækur eru vænt- anlegar: Frá Bjargtöngum að Djúpi 5. bindi í ritstjórn Hall- gríms Sveinssonar. Margir landskunnir og minna þekktir höfundar og



fróðleiks- menn skrifa um vestfirskt mannlíf fyrir og nú. Árbók Barðastrand- arsýslu 1980– 1990 hefur göngu sín á ný og er það nýstofnað Sögu- félag Barðastrandarsýslu og Vestfirsku forlagið sem gefa út í sameiningu. Úr verbúðum í víking – vestan hafs og aust- an nefnast endurminningar Ólafs Guðmundssonar frá Breiðavík, fyrra bindi. 101 ný vestfirsk þjóðsaga 5. bók er eftir Gísla Hjartarson. Með þessari bók eru þær orðnar fimm hundruð og fimm tals- ins. Sögu Gísla eru fyrst og fremst gamanmál. Vestfirð- ingabættir 1. bók er nýr bóka- flokkur í ritstjórn Hlynns Þórs Magnússonar. Mannlíf og saga fyrir vestan 11. hefti fjallar sem fyrr um vestfirskt mannlíf að fornu og nýju í blíðu og stríðu, gamni og al- vöru. Höfundarsaga mín er eftir Þorstein Antonsson. Í bókinni lýsir hann samferða- fólki á menningarsviðinu með gráglettnum hætti.

Þá gefur Vestfirsku forlagið út vestfirskar þjóðsögur í gömlum og nýjum stíl, bæði á geisladisk og snældu.

Elfar Logi Hannesson, leik- arí og leikstjóri frá Bíldadal, les úrval úr gömlum, klassísk- um þjóðsögum Vestfirðinga og úrval úr þjóðsögum Gísla Hjartarsonar, 101 ný vestfirsk þjóðsaga.

Tímaritið Lifun fylgir
Morgunblaðinu í dag.



48 síður um heimili og lífsstíl.

Geymið blaðið!